

Alþingi
Erindi nr. P 135/2462
komudagur 2.5. 2008



ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS
Þverholti 14, IS-105 Reykjavík
Sími. + (354) 545 8980, bréfsími: + (354) 545 8985
Netfang: iceida@iceida.is - Vefsíða: www.iceida.is

Utanríkismálanefnd Alþingis
Bjarni Benediktsson form.
ALÞINGI
Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2008

ICE08030035/060

SB/sb

Að þinni beiðni er saman tekið þetta minnisblað vegna atriða í tengslum við frv. til laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, sem fram komu í viðræðum þar um á fundi utanríkismálanefndar þar sem mættir voru formaður og varaformaður stjórnar ásamt undirrituðum.

Um tímabundna ráðningu skv. 1. málslíð 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Hér er í fyrsta lagi um heimildarákvæði að ræða – þ.e.a.s. ÞSSÍ er heimilt að ráða starfsmenn til tímabundinna starfa erlendis í allt að fimm ár í senn. Að sjálfsögðu getur stofnunin ef hún svo kýs ráðið slíka starfsmenn hefðbundinni ráðningu; fastráðningu; en er heimilað að ráða þá tímabundinni ráðningu til allt að fimm ára í senn ef þannig stendur á. Stofnunin telur nauðsynlegt, raunar óhjákvæmilegt, að slík heimild verði veitt. Verkefni, sem stofnunin sinnir, eru ávallt tímabundin. Í nærfellt öllum tilvikum krefjast þau þess, að sérhæfður ráðgjafi/ráðgjafar séu ráðnir til starfars á meðan verkefnið varir og nær undantekningarlaust eru hér um að ræða háskólamenntaða starfsmenn með tiltekna sérhæfingu. Öll verkefni eru unnin að beiðni stjórnvalda í viðtökuríki og því eru allar líkur á að þegar einu sérhæfðu verkefni lýkur taki annað óskýlt verkefni við sem krefst sérfræðilegrar ráðgjafar á allt öðru sviði en áður var fengist við. Stofnunin verður að geta brugðist við slíkum aðstæðum. Það getur hún ekki gert nema með því móti að geta hverju sinni ráðið til starfa þá ráðgjafa, sem hún þarfnast miðað við þau verkefni, sem hún er að vinna. Sem dæmi má nefna að fyrir nokkrum árum var ÞSSÍ að verki við uppbyggingu sjómannafræðslu í tveimur samstarfslöndum, við skiparekstur og við veiðiráðgjöf. Ef allir þeir sérhæfðu ráðgjafar sem stofnunin þurfti til þeirra verkefna hefðu verið fastráðnir starfsmenn sæti stofnunin nú uppi með þrjá skipstjórnarmenntaða starfsmenn, fjóra vélstjóra, tvo fiskifræðinga og einn haffræðing – en engin verkefni við hæfi þessara einstaklinga.

Samkvæmt ráðningarheimildum starfsmannalaga er stofnuninni nú heimilt að ráða sérfræðinga tímabundinni ráðningu en þá aðeins til tveggja ára. Með því að heimila slíka ráðningu til allt að fimm ára í senn er verið að stórauka starfsöryggi umræddra starfsmanna, slíka starfsmenn er þá hægt að ráða til allt að fimm ára í einu og framlengja þá ráðningu. Starfsöryggið er þá orðið sambærilegt við það starfsöryggi, sem stjórnendur í opinberum rekstri njóta – t.d. framkvæmdastjóri ÞSSÍ og til muna meira en þjóðkjörnir fulltrúar búa við.

Þessi breyting til bóta nýtur stuðnings starfsmanna ÞSSÍ eftir því sem undirritaður best veit.

Um uppsagnarákvæði smbr. 2. málslíð 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Störf erlendis á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands eru mjög frábrugðin störfum á vegum annara opinberra stofnana hvort heldur sem er á Íslandi eða utan þess. Þau eru unnin í fátækustu ríkjum heims við erfiðar aðstæður og í starfsumhverfi, sem er gjörólíkt því sem flestum íslenskum borgurum mætir. Því miður eru þess nokkur dæmi, að menn bugist við þær aðstæður og öllum er þá greiði gerður með því að unnt sé að leysa slíka einstaklinga frá störfum og þá með tilteknum uppsagnarfresti. Þá getur það einnig gerst, að verkefni sé stöðvað – t.d. við stjórnarskipti í viðtökuríki – eða að horfið verði frá verkefni t.d. vegna innanlandsátaka sem ógnar öryggi starfsmanna. Stofnunin verður að geta brugðist við slíkum aðstæðum með uppsögn ráðgjafa með tilteknum fyrirvara án þess að ástæða sé eða rök fyrir því að hefja áminningarferil með öllu því sem slíku fylgir. Þá ber einnig að geta þess, að öll starfsemi ÞSSÍ byggir á milliríkjasamningum milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar viðtökuríkis. Þessir samningar leggja báðum aðilum tilteknar skyldur á herðar auk þess sem þær veita starfsmönnum ÞSSÍ nauðsynleg starfsréttindi. Meðal skyldna, sem íslenska ríkið tekur á sig í þessum samningum, er að leysa hvern þann útsenda starfsmann frá störfum, sem stjórnvöld starfslands krefjast að sé látinn víkja t.d. vegna ósæmandi framferðis, vanhæfni, ólöglegrar starfsemi eða annara alvarlegra ávirðinga í starfi og hegðan, sem þarf þá að rökstyðja skriflega. Ef uppsagnarákvæði sambærilegt við það, sem heimilað er í 2. málslíð 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er ekki fyrir hendi, getur ÞSSÍ ekki staðið við þetta ákvæði milliríkjasamninga, sem íslenska ríkið hefur gert.

Um skattleysisákvæði í tengslum við “Ákvæði til bráðabirgða ”.


Með samþykkt frumvarpsins falla úr gildi lög n.r. 43/1981 um Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þau lög gera ráð fyrir því, að launaumhverfi útsendra starfsmanna taki mið af reglum, sem gilda um þá íslenska borgara, sem starfa hjá alþjóðastofnunum. Framkvæmdin hefur verið sú, að allar launatekjur útsendra starfsmanna ÞSSÍ - bæði launin sjálf og staðaruppbætur – hafa verið undanþegnar álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars. Með niðurfellingu laganna nr. 43/1981 gerbreystist allt launaumhverfi umræddra starfsmanna. Gera þarf þá kjarasamninga við íslensk stéttarfélag og er m.a. að því stefnt, að þeir kjarasamningar taki mið af þeim samningum, sem nú gilda um útsenda starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem og þeirri sérstöðu, sem ríkir um útsenda starfsmenn ÞSSÍ t.d. hvað varðar öryggismál og starfsaðstæður allar. Fastlega má vænta þess, að slíki samningagerð geti tekið nokkurn tíma og á meðan hefði kjarasamningur starfsmanna ÞSSÍ verið í uppnámi ef ekkert hefði verið að gert.

Ákvæðið til bráðabirgða í frumvarpinu er sett til þess að tryggja að nægilegt svigrúm geti orðið til þess að hægt verði að ganga frá nýjum samningum og nýju kjarasamningum. Í breytingatillögu við lögum um tekju- og eignaskatt, sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi og tengist þessum málum, er mælt fyrir um, að staðaruppbætur útsendra starfsmanna ÞSSÍ verði undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari til samræmis við launaumhverfi útsendra starfsmanna ráðuneytisins en með sama hætti verði launin sjálf andlag skattheimtu. Ef bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ber að skilja svo að samanlögð áhrif þess og umræddrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt leiði til þess að umræddar breytingar verði á meðferð launatekna útsendra starfsmanna ÞSSÍ strax og hin nýju lög taka gildi þá ber

samkvæmt ráðningarsamningunum að taka þá alla til endurskoðunar. Þá stæði sem sé allt launaumhverfið í uppnámi eftir sem áður.

Þess er því farið á leit við utanríkismálanefnd að hún taki af öll tvímæli um hvernig túlka beri bráðabirgðaákvæðið og þá þannig, að skattaleg meðferð heildarlaunatekna útsendra starfsmanna ÞSSÍ verði óbreytt svo lengi sem ráðningarsamningarnir gilda.

Með bestu kveðju,



Sighvatur Björgvinsson, frkvstj. ÞSSÍ